

REGLUR

um breytingu á C. hluta IV. viðauka reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

1. gr.

Heiti C. hluta breytist þannig, að í stað heitisins „**Flytjanlegt starfsmannahúsnæði sem notað er í þéttbýli.**“ komi: **Flytjanlegt starfsmannahúsnæði.**

2. gr.

Í grein 1.1. falli út orðin „innan þéttbýlis“.

3. gr.

Á eftir „salerni 1,2 m²“ í grein 4.3 falli niður orðin „á mann“.

4. gr.

Á eftir grein 5 komi ný grein, svohljóðandi:

6. Undanþágur.

6.1. Ef ekki er hægt að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í þessum hluta vegna aðstæðna á vinnustað utan þéttbýlis, skal sækja um leyfi fyrir frávikum til Vinnueftirlits ríkisins, sem metur hvort gild rök séu til að heimila þau.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Kristín Benediktsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 673/1996, sbr. reglugerð nr. 603/1997, um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Kr.

Gjald vegna áfrýjunar, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 17/1991, 63. og 65. gr.

laga nr. 45/1997 og 30. gr. laga nr. 48/1993 80.000

Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Sé máli vísað frá áfrýjunarnefnd eða það vinnst þar skal endurgreiða 60.000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 40. gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. júlí 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Rafstöðvarvegur 1A.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 14. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytt er landnotkun lóðar jarðhýsis í Ártúnsbrekku, Rafstöðvarvegur 1A, úr almennu útivistarsvæði í athafnasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 14. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Marargata 2.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Um er að ræða landnotkunarbreytingu á lóðinni nr. 2 við Marargötu, úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 14. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.